

0182 - 26 - 10770 - kennitala: 540503-2650



Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu

Oddi 04. október 2021

Til
Sveitarstjórnar
Rangárvallaeyri,
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu.

Erindi: Beiðni um fjárstyrk til Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu.

Fyrir hönd Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu færi ég sveitarstjórnnum í Rangárvallasýslu þakkir fyrir mikilvægan fjárhagsstuðning við starf nefndarinnar á umliðnum árum.

Mörg undanfarin ár hefur meginverkefni hennar verið mótshald að hausti með væntanlegum fermingarbörnum í sýslunni. Mótið í ár verður haldið í Vatnaskógi dagana 05.-06. október. Einnig hefur Æskulýðsnefnd styrkt æskulýðsfélög einstakra sókna í reglulegu starfi eða til ferðalaga á æskulýðsmót.

Enn leitar nefndin eftir fjárstuðningi sveitarfélagsins. Stuðningurinn hefur numið kr. 145.000.- þau ár sem sveitarfélagið hefur séð sér fært að styrkja æskulýðsnefndina og leyfi ég mér fyrir hönd nefndarinnar að leggja til að framlag ársins í ár nemi einnig þeirri upphæð.

Virðingarfyllst,
f.h. Æskulýðsnefndar
kirkna í Rangárvallasýslu,


Elína Hrund Kristjánsdóttir

Leggja má framlag inn á eftirfarandi reikning Æskulýðsnefndarinnar
0182 - 26 - 10770 - kennitala: 540503-2650